

Alþingi – nefndasvið
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 9. ágúst 2010

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, búvörulögum – 662. mál

SVÞ - Samtök verslunar og þjónustu voru ekki meðal þeirra sem fengu umrætt frumvarp til umsagnar, ekki frekar en önnur hagsmunasamtök atvinnurekenda innan Samtaka atvinnulífsins.

Engu að síður senda samtökin hér með umsögn sína um frumvarpið um leið og þau lýsa furðu sinni á því að þau samtök sem hafa innan sinna vébanda flest þau fyrirtæki sem sjá um að koma mjólkurvörum til neytenda, skuli af Alþingi ekki vera talin þess umkomin að láta í ljós álit sitt á efnisatriðum þessa frumvarps. Samtök verslunar og þjónustu telja það einnig furðu sæta að frumvarpið skuli hafa verið samið í beinni samvinnu við hagsmunasamtök bænda og afurðastöðva, án þess að nokkrir aðrir hafi haft möguleika á aðkomu að þeirri vinnu.

Með frumvarpi þessu er verið að innleiða algera einokun við vinnslu og markaðssetningu á mjólkurafurðum á Íslandi. Er þar með verið að hverfa frá því skrefi sem stigið var fyrir fáum árum þegar opnað var fyrir nokkra samkeppni á þessum markaði. Frumvarpið, ef af lögum verður, mun fela í sér eitt alvarlegasta afturhvarf frá frjálsri samkeppni sem sést hefur um langt árabíl hér á landi. Hér er verið að velja einokun og hafna atvinnufrelsi. SVÞ hafna þessum lagasetningaráformum algerlega, enda eru þau í hreinni andstöðu við það stefnumið samtakanna að frjáls óháð samkeppni skuli ríkja á öllum sviðum atvinnulífsins. Með því móti verði neytendum í landinu tryggð vara og þjónusta á eins hagstæðum kjörum og kostur er hverju sinni.

Atvinnufrelsið er eitt þeirra grundvallarréttinda sem varin eru af stjórnarskránni og verður ekki skert nema að almannahagsmunir krefjist. Að mati SVÞ er útilokað að hin fyrirhugaða lagasetning rúmist innan þess ramma sem stjórnarskráin setur um skerðingu á atvinnufrelsinu.

Þá varpar frumvarpið skýru ljósi á það fáránlega fyrirkomulag að viðskipti með búvörur skuli vera undanþegin ákvæðum samkeppnislaga.

Nánar um einstök ákvæði frumvarpsins.

Einokun fest í sessi

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins mun það framvegis varða rekstraraðila afurðastöðva fjársekt að taka við mjólk frá framleiðanda sem ekki hefur greiðslumark og markaðsfæra hana á innanlandsmarkaði. Hið sama á að gilda ef rekstrarðili afurðastöðvar markaðsfærir mjólkurafurðir sem eru umfram greiðslumark framleiðanda án samþykkis framkvæmdanefndar búvörusamninga. Síðan er kveðið á um sektarfjárhæð og um refsíabyrgð lögaðila er vísað til ákvæða II. kafla A almennra hegningarlaga.

Með þeirri breytingu sem hér er lögð til er það gert nær útilokað fyrir nýja aðila að hefja starfsemi með úrvinnslu á mjólkurafurðum. Með þessu er sú litla samkeppni sem ríkt hefur á mólkurmarkaði algerlega úr sögunni og staða þeirrar afurðastöðvar sem þar hefur yfirburðarstöðu fest í sessi. Þetta er talið nauðsynlegt þrátt fyrir að ekki séu til staðfest dæmi þess að afurðastöð taki við mjólk utan við, eða umfram greiðslumark og markaðssetji á innanlandsmarkaði án þess að flytja samsvarandi magn mjólkurafurða úr landi, eins og greint er frá í athugasemdum með þessari grein frumvarpsins.

Spyrja má hvað sé hér að óttast. Þrátt fyrir að engin dæmi séu um að gengið hafi verið á svig við lögin eins og þau eru í núverandi mynd þykir ástæða til að binda svo fast um hnútana að refsing liggji við fari menn út fyrir þann ramma sem lögin setja. Ekki verður önnur ályktun dregin en sú að það sé vilji þeirra sem standa að frumvarpinu að festa í sessi um fyrrsjáanlega framtíð einokun á þessu sviði matvælaframleiðslu. Refsivörslukerfið er vopnið sem stjórnvöld hyggjast nota til þess að vernda einokunina. Því verður vart trúað að fulltrúar allra flokka í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis standi að nefndarálitinu sem leggur til samþykkt frumvarpsins nær óbreytt (tveir reyndar með fyrirvara).

Fullyrða má að sú samkeppni sem verið hefur á mjólkurvörumarkaði á undanförunum árum hafi komið neytendum mjög til góða, enda sýna rannsóknir sem Samkeppniseftirlitið gerði að svo var. Hægt er að sýna fram á það með hreinum dæmum að á þeim sviðum framleiðslunnar þar sem samkeppni ríkti, lækkaði verð til neytenda umtalsvert. Þá leiddi samkeppnin til aukinnar vöruþróunar sem ávallt kemur neytendum til góða. Má þar nefna aukið úrval vara á borð við fetaost, skýrðan rjóma og hefðbundinn rjóma. Það afturhvarf til fortíðar sem hér er verið að stíga mun því fyrst og fremst bitna á neytendum.

Þá verður ekki betur séð en að kerfið muni einnig bitna á framleiðendum sjálfum, þ.e. bændum, þar sem ekki verður um nema einn aðila að ræða á markaðnum sem getur tekið við hrá mjólk. Þeir hafa því ekki lengur neina möguleika á að nýta sér kosti samkeppninnar í því skyni að fá sem hæst verð fyrir afurðir sínar.

Atvinnufrelsið er stjórnarskrárbundið

Svo sem öllum er kunnugt er atvinnufrelsi manna varið af stjórnarskránni og skorður við því má eingöngu setja með lögum, *enda krefjist almannahagsmunir þess.*


Sú spurning sem blasir við í þessu samhengi er hvaða almannahagsmunir séu hér svo ríkir að víkja megi grundvallarreglum réttarríkisins til hliðar. Er verið að vernda hagsmuni neytenda,

framleiðenda eða samfélagsins alls? Ekki verður með nokkru móti komið auga á að hér séu slíkir hagsmunir í húfi að þeir verði hagsmuni alls almennings. Á hinn bóginn verður ekki betur séð en verið sé að vernda þrönga sérhagsmuni eins tiltekins fyrirtækis sem með þessu móti er sett í aðstöðu til að deila og drotna á þeim markaði sem hér um ræðir. Atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar var ekki sett til að vernda slíka hagsmuni.

Sú viðhorfsbreyting hefur átt sér stað á undanförunum árum að gera verði ríkari kröfur til löggjafans en áður var, þegar tekin er ákvörðum um að víkja meginreglunni um atvinnufrelsi til hliðar. M.ö.o. að það verði metið sérstaklega hverju sinni að slíkir hagsmunir séu í húfi sem réttlæti inngríp í grundvallarréttindi. Allar undantekningar frá meginreglu verður að túlka þröngt og á sú grundvallarregla sérstaklega við þegar stjórnarskrárbundin ákvæði eiga í hlut. Því verður ekki trúað að þingnefndin ætli að afgreiða málið frá sér án þess að taka tillit til þessara sjónarmiða, en í því nefndaráliti sem liggur fyrir (þskj. 1417) er ekki minnst einu orði á atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar.

Samtök verslunar og þjónustu ítreka andstöðu sína við þetta frumvarp og vísa í því sambandi til þess sem að framan hefur verið rakið. Samtökin óska eindregið eftir því að eiga þess kost að koma á fund sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar í því skyni að gera ítarlegar grein fyrir viðhorfum sínum.

Virðingarfyllt,
f.h. SVP



Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri